

Umsögn skóla- og frístundaráðs Reykjavíkurborgar um framkvæmdaáætlun Reykjavíkurborgar í barnavernd 2019-2030.

Skóla- og frístundaráð fagnar áherslum nýrrar framkvæmdaáætlunar Reykjavíkurborgar sem snúa að áherslum varðandi bætt skilyrði allra barna. Mikilvægt er að horft sé til heildarmyndarinnar þegar málefni einstakra barna eru skoðuð og því er virkilega jákvætt að sjá að alltaf er horft til bæði skóla og frístundastarfs þegar rætt er um samstarf sviða á milli.

Ánægjulegt er að sjá hversu ríkur samhljómur er milli menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 og framkvæmdaáætlunarinnar.

Í framhaldinu er mikilvægt að skilgreina frekar einstaka framkvæmdaþætti, mat á árangri og eftirfylgd umbóta í nánu samstarfi skóla- og frístundsviðs og velferðarsviðs.

Framkvæmdaáætlunin sýnir okkur að það eru án efa mörg tækifæri til að hlúa betur að börnum og fjölskyldum þeirra. Framkvæmdaáætlunin er vegvísir til aukins árangurs og skóla- og frístundaráð hefur miklar væntingar til enn meira og betra samstarfs við hlutaðeigandi aðila.